



# **GAGNI.IS** Nýtt vefkerfi fyrir sjúkraþjálfara

Gagni sameinar þau tvö kerfi sem sjúkraþjálfarar voru að nota. Annarsvegar SÞ-kerfi sem heldur um reikninga og samskipti við SÍ og hins vegar Atlas sem er bókunar- og skráningakerfi sem notað hefur verið síðan 2004.

Kerfið hefur verið unnið í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Prógramm frá vormánuðum 2015 með það að markmiði að tryggja betra öryggi sjúklinga við meðferð og samræma sjúkraskráningu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Markmiðið er að sjúkraþjálfarar sem starfa skv. rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) munu skrá í sameiginlegt kerfi og munu því hafa aðgang að upplýsingum óháð meðferðaraðila og rekstraraðila. Til að byrja með eru sjúkraskráningar eingöngu aðgengilegar innan starfstöðva, þar sem ekki hefur fengist samþykki frá Persónuvernd um rekstur á sameiginlegu sjúkraskráningarkerfi.

Kerfið samanstendur m.a. af tímabókunarkerfi, reikningakerfi með samtengingu við SÍ, sjúkraskráningarkerfi og rafrænum undirskriftum.

Kerfið er hlutverkaskipt. Starfsmenn móttökuhafa aðgang að tímabókunum og reikningagerð en sjúkraþjálfarar hafa auk þess aðgang að sjúkraskráningu. Einn aðili innan hverrar starfstöðvar gegnir hlutverki umsjónaraðila sem hefur eftirlit með og sér um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga um sjúkraskrár.

**Sjúkraþjálfari** - Allt nema stillingar fyrirtækis og uppgjör aðstöðugjalda og sér bara upplýsingar um sjálfan sig í fyrirspurnum.

Stjórnandi – hefur aðgang að öllu nema eftirliti á "skoðun sjúkraskráninga"

**Umsjónarmaður sjúkraskráninga**- bara eftirliti með "skoðun sjúkraskráninga" -> Sem sagt hverjir hafa verið að skoða hvaða skráningar. Slóð: "/fyrirspurnir/skodun-sjukraskrar"

Starfsmaður - allt nema stillingar fyrirtækis, uppgjör aðstöðugjalda, sjúkraskráningar, eftirliti með skoðun sjúkraskráninga

Gjaldkeri – hefur aðgang að öllum upplýsingum í Fjárvörslu og fyrirspurnum.

### Mælum með að notendur noti Mozilla Firefox

### Síðast uppfært apríl 2020

Stofna Sjúkling	3
Tímabókanir	3
Vinstri Stika í Tímabókun	5
Flytiadgerdir	6
Ganga frá fullri skráningu	6
Setja inn själtgetinn gjaldallo	
Setja inn Beiðni frá Lækni	8
SKODA BEIDNI	8 8
Ný Reiðni – Nýtt mál	
Heimaþjálfun	9
Bótaskylt slys hjá Sí	10
Fjárvarsla	
Gera Reikning	11
Okláraðir reikningar	
Forgreiosia Dronta Poikninga / Skýrchur	
levía nonuns	14 1 <i>1</i>
Innborgun	
Útborgun	
Nota inneign greiðanda	15
Afstemming á Innborgun/Útborgun	16
Yfirlit Sjúklings	
Yfirlit meðferða (áður Reikningameðferðir)	19
Fyrirspurnir	
Rafrænar Undirskriftir	
Hópar	
Bóka Hóptíma	
Flýtiaðgerðir hjá Hópatímum	
Skra Mætingu	23
Skold Hop - Think	24
Sjukraskra:	<b>25</b>
Dagnótur / Meðferð	
Útskrift	
Framgangur - Gangur Meðferðar	
Skýrslugerð – uppfært ágúst 2019	30
Stjórnandi	
Grunnupplýsingar	
Stillingar timabokana og SMS	
Startsmenn	
Sniðmát – uppfært ágúst 2019	
Starfsstöðvar	
Forskráðir textar	
Starfsendurhæfingar og Endurhæfingabeiðnir	37
Uppgjör við sjúkraþjálfara:	
Viðbætur:	
Greiðslumáti – Peningar – Kort - Innborgun	42
Kort í Tækjasal	
Stirlit greidanda DPF	
Stofna Siúkling og setja beint á biðlista	
Senda tölvupóst v. Stofnun tímabókunar	
Annað – sértækt úrræði (Appelsínugul Bókun)	
Innborganir á Reikninga	53
Hreyfiseðill	
SMS – Frjals IEXII	
Árgiöld (des 2018)	58 دە
Tenglar (apríl 2020)	
Stillingar Starfsstétta – aðgangur að skjúkraskrá (apríl 2020)	60

# Stofna Sjúkling

Gagni 📃 Tímabókanir Sjúklingar Hópar Fjárvarsla Fyrirspurnir

Flýtiskráning: Hægt er að stofna sjúkling með því að smella á Stofna uppi í hægra horninu á bláu stikunni.

Sækið upplýsingar um sjúkling frá SÍ með því að skrá inn kennitölu eða sláið inn grunnupplýsingar um sjúklinginn. ATH !! að þegar gengið er frá fullri skráningu þá þarf að setja inn rétt kyn. Sjálfgefið er kvenkyn við flýtiskráningu. Eftir að flýtiskráningu er lokið (ef farið var í hana úr tímabókun) er nýskráður sjúklingur "Valinn sjúklingur" og því hægt að bóka beint á viðkomandi.

Það þarf að passa uppá að fara og klára skráninguna síðar með því að fara í grunnupplýsingar sjúklingsins.

Fullskráning: Til að Stofna Sjúkling með fullri skráningu. Smellið á Sjúklingar í efstu stiku og svo á Nýr Sjúklingur

Gagni	Tímabókanir Sjúklingar Hópar Fjárvarsla Fyrirspurnir			
📤 Sjúklingar رقط Umsöknir - Vottorð	Sjúklingar Sjúklingar			
	SJÚKLINGAR FYRIRTÆKIS	🗴 Excel	D PDF 🕅	Word
	Kennitala Nafn 🕇 Dags.skráð 🗼 Heimili	Sími	Póstnúmer	Aðgerðir

EF viðkomandi er yngri en 18 ára þarf að setja inn kennitölu greiðanda og smella á **sækja** Það er líka hægt að handslá inn þessar upplýsingar ef ekki næst samband við SÍ.

# Tímabókanir

Bóka tíma – tvísmella á reitinn sem þið ætlið að bóka í (eða hægri smella og velja ný bókun).

Tímabókun	Án titils - Tímal	bókun			x
Timabókanir / bjálfari	Hópur				•
VINNUSTADUR DJÁLFARI	Einstaklingur				-
A face & a summer	Þjálfari	Ragnar Friðbjarnarson			-
( 104g • ) 3-9. exoper 2016	Hefst:	05.10.2016 09:00 🔻	Lýkur:	05.10.2016 09:30	•
månudegur. 3. október própulegur. 4. október	Tegund:	Meőferő 🗸	Staða:	Ný bókun	•
12 00	Senda T	ölvupóst Senda SMS			
State My Strandooun	Athugasemd:				
13 00 Ný endurtekin timubókun 15 Ný endurtekin hybolagobókun	Ath. Einst. / Hóps:				
45 Die Fara & dagsetningu	Endurte	kning Í lagi	Hætta við	Eyőa	

Stofna 🗸 🛔

Einstaklingur – Skrifið fyrstu stafina í nafninu (eða kennitölu) sem á að fá tíma. (ef það var Valinn sjúklingur þá er viðkomandi sjálfkrafa valinn við stofnun nýrrar bókunar) (ef valinn áður þá kemur nafn í þennan reit)

Valinn siúklingur	< I dag - >	3 – 9. október (
Albert Einstein		
akanett. C	mánudag	gur, 3. október
reiðslustaða: -27.077		
ltistandandi: -27.077		
Bráðameðferðir: 0 🛛 😕	12.00	
ftir af heimild: <mark>0</mark>	12 00	
Nánar um valda bókun	30 🖩 🖉 🚺 Alb	ert Einstein
	45	

Þjálfari: Sjálfgefinn er þjálfarinn úr þeim dálki tímabókunarinnar sem smellt var á.

**Hefst/Líkur:** Sjálfvalið 30mín (hægt að breyta í stillingum). Einnig hægt að skrá inn og breyta að vild. Fer eftir því hvernig stjórnandi hefur stillt vinnustaðinn og þjálfarann í stillingum. (15/20/30/45)

Tegund – Bókanir litast eftir tegund bókunar

#### LITIR BÓKANA

📃 Meðferð 📕 Útskrift 📕 Skoðun 📒 Nýr sjúkl. skoðun 📕 Ekki við 📒 Afboðaði 📒 Mætti 📗 Skróp 📕 Stofa afboðaði 📒 Hópur 📒 Annað

- Meðferð venjuleg meðferð sjúkraþjálfara (penni = dagnótur)
- Útskrift útskrifast eftir þennan tíma frá sjúkraþjálfara (penni = útskriftarnóta)
- Skoðun skrá skal skoðunargjald og lengri tíma (penni = skoðunarskema)
- Nýr Sjúklingur skoðun Laus tími þar sem sjúkraþjálfari vill fá bókaðan nýjan sjúkling í skoðun.
- Ekki við bókun litast rauð ekki skal bóka í þennan tíma.
- Annað bæði hægt að skrá sjúkling á tíma og hafa tómt og setja ath. líkt og "ekki við".

Athugasemd: Kemur eftir nafni sjúklings. Einnig í "ekki við" og "annað" er hægt að skrifa t.d. Fundur, Matur osfr. Kemur bara við þessa einu tímabókun.

Ath. Einst./Hóps: Líkt og athugasemd nema kemur á allar bókanir hjá sjúklingi eða hópi.

🖩 🖋 Sjúklingur nr1

Velja Sjúkling - vinstri smellið á glugga í bókunarhluta

- Reiknivél = Gera reiking
- Penni = Skrá dagnótu ef Tími = meðferð, Skrá skoðun = Skoðun,
   Skrá útskrift = Útskrift
- Færa til meðferð = Draga yfir á næsta dag (hægt að læsa fyrir þessa aðgerð í stillingum)
- Lengja meðferð = draga neðri hluta
- Afrita meðferð = CTRL+Draga yfir á annan dag

### Með því að Hægra Smellið á bókun

Kemur upp valmyndin hér til hægri.

Veljið Ný-bókun eftir viku þá er hægt að sýna tíma sem:

- Mætti = Gulur
- Skróp = Grár
- Ný bókun = ljós blár
- Afboðaði = grænn
- Stofa afboðaði = dökk grænn



## Vinstri Stika í Tímabókun

Gagni	Tímabókanir Sjúklingar Hópar I	Fjárvarsla Fyrirspurnir					Stofna 🔹 🛔 Ragnar Friðbjarn.		
Vinnustaður Þjálfari	Tímabókun Tímabókari / Igálfari								
Aðfang Biðlisti Hringilisti	DALFARI     LITR BÖKANA       Ragnar Fridbjarnarson     Montro & Stacking B Lyr ryski, Labokani       Abbakani Martin & Sindon B Lyr ryski, Labokani     Martin B Lyr ryski, Labokani								
sjúklingur 🗵	( í dag - ) 3 - 9. októbe	r 2016		Ragnar Friöbiarnarson			Dagur Vika Mánuður		
it O ustaða: O dandi: O seðferðir: S helmild: O	mánudagur, 3. október 07 °0 30	þriðjudagur, 4. október	miðvikudagur, 5. október	fimmtudagur, 6. október	föstudagur, 7. október	laugardagur, 8. október	sunnudagur, 9. október		
m valda bókun nn Örn Ragnarsson 0 - 16:30 Meðferð - Ný bókun Borgar Vantar belðni, ekki	08 <sup>00</sup> 30 09 <sup>00</sup>								
r nar: Nel SMS: Nel	10								
erðir ning sótu kiling nantanir slúklings	30								
ettir viku vreyfingar ndi	30 12 00								
ll CTRL til að afrita bókanir	30								

Vinnustaður = Tímabókun allra Sjúkraþjálfara á vinnustað, fer sjálfkrafa þangað ef hlutverk er Starfsmaður í móttöku. Þjálfari = Tímabókun Þjálfara, ferð sjálfkrafa þangað ef hlutverk er sjúkraþjálfari

Ath. Hægt er að flakka á milli þjálfara með því að smella á nafn þjálfara í Tímabókun vinnustaðar

**Aðfang** = Tímabókanir fyrir aðföng eins og T.d. Stuttbylgjur og önnur tæki sem bóka þarf tíma í. Stjórnandi þarf að skrá aðföng í stillingum fyrirtækis áður en hægt er að bóka á þau.

**Biðlisti** = Sjúklingar sem eru að bíða eftir að komast í tíma hjá stofu eða ákveðnum sjúkraþjálfara **Hringilisti** = Sjúklingar sem eru í meðferð enn það er ekki laus tími hjá Sjúkraþjálfara og hringt verður í viðkomandi ef losnar tími. Hægt er að smella á símtólið efst í hægra horninu undir tímabókunum stakra þjálfara til að sjá þá sjúklinga sem óska eftir tíma í vikunni sem verið er að skoða.

Sími = Skráð símanúmer viðkomandi, þannig að hægt er að hringja án þess að þurfa að fara í grunnupplýsingarnar hans.

Lakahólf = Gæta þarf að setja inn í Fyrirtækjastillingar fjölda lakahólfa ef það er **0** þá er lakahólfakerfið ekki virkt. Til að setja inn/breyta lakahólfi. Ferð þú í **Grunnupplýsingar sjúklings** og velur þar lakahólfið hans.

**Greiðslustaða** = Heildarstaða sjúklings sem greiðanda. Ef barn = 0, greiðslustaða fer á greiðandann. **Útistandandi** = Útistandandi skuld á viðkomandi. Ef barn sem foreldri greiðir fyrir þá kemur skuldin hér.

Bráðameðferðir: 0	Bráðameðferðir = telur þær meðferðir. samkv. Samningi við SÍ. Eftir 6
	meðferðir þarf að koma beiðni frá lækni eða viðkomandi greiðir 100%
Skipti eftir þjálfunartímabils: 79	Skipti eftir þjálfunartímabils = Fjöldi meðferða sem sjúklingur samþykkt
Deiðni rennur út: 222022	frá SÍ á yfirstandandi tímabili.
Beloni rennur ul. 2.2.2022	<b>Beiðni rennr út</b> = Gildistími beiðnar

Ath: Fara þarf í yfirlit sjúklings fyrir hvern skráðan sjúkling til að fá byrjunarstöðuna. Eftir það er hægt að nota hnappinn til að uppfæra stöðuna.

## Flýtiaðgerðir

upphæðinni.

Bæta við á hringilista = Sjúklingur er valinn og hægt að skrá á Hringilista.
Gera reikning = sama og reiknivélin í Tímabókun (Skoða reikning = sama og prenta táknið)
Ská dagnótu = sama og penninn í Tímabókun (Skoða dagnótu = sama og stækkunargler)
Grunnupplýsingar sjúklings = Lagfæra grunnupplýsingar um sjúkling
Yfirlit sjúklings = Fer á yfirlitsíðu sjúklings.
Allar tímapantanir sjúklings = yfirlit yfir allar tímapantanir hægt að prenta út, senda tölvupóst
Ný bókun eftir viku = bóka tíma á sama tíma eftir viku
Sýna tíma = eins og að tvísmella á bókun, opnar bókunarflipa.
Viðskiptahreyfingar = yfirlit yfir alla reikninga og greiðslur sjúklings (sjá einnig undir Fjárvarsla)
Útistandandi = Allar útistandandi greiðslur á Sjúkling.
Innborgun = Ef viðkomandi ætlar að greiða fyrirfram t.d 5 tíma. Setur inn upphæð og þá stofnast inneign á viðkomandi sjúkling *Einnig hægt að nota til að greiða inná skuld. Ef smellt er á innborgun þá er tekin saman öll skuld sjálfgefins greiðanda viðkomandi sjúklings fyrir þjálfara er tímabókun er skráð á og sett sem upphæð. Frjálst er að breyta* 

# Ganga frá fullri skráningu

Eftir að búið er að stofna sjúkling er hægt að fara í **Grunnupplýsingar** og laga til skráningu. Setja inn lakahólf, og sjálfgefinn gjaldalið sem þá kemur inn beint þegar stofnaður er reikningur úr tímabókun eða tímabili hópa.

 A) Veljið Sjúklingar uppi í bláu stikunni og sláið inn nafn eða kennitölu í töfluna. Lengst til hægri koma þessi tvö tákn.

Ø	Q

Smellið á **pennann** til þess að laga til Grunnupplýsingar. **Stækkunarglerið** fer með þig í Yfirlitsíðu sjúklings

B) Ef búið er að bóka tíma á sjúkling.

Velja sjúkling í tímabókun, hægri smella og velja **Grunnupplýsingar sjúklings** eða velja **Grunnupplýsingar** í vinstri stikunni í bókunarhluta.



# Setja inn sjálfgefinn gjaldalið

Til þess að gjaldaliður komi inn sjálfkrafa þarf að setja inn Sjálfgefinn gjaldalið. Mjög mikilvægt er að fara yfir allar sjúklinga eftir að gögn hafa verið innflutt úr ATLAS eða SÞ-kerfinu því þetta færist ekki á milli.

Farið í Grunnupplýsingar Sjúklings - Lengst til hægri er svo valinn gjaldaliður út frá þjálfara.

Og	; svo muna á sme	ella á <b>VISTA</b>	🖹 Vista	🗙 Hætta				
	Gagni	Tímabókanir Sji	úklingar Hópar Fjárvarsla	Fyrirspurnir		Stofna •	🔺 Ragnar Friðbjarna	arson
:=	Yfirlit	Sjúklingar						
Ø	Grunnupplýsingar	Sjúklingar / Attached	/ Grunnupplýsir	ngar				
	Sjúkraskrá					_		
Ê	Meðferðartörn	GRUNNUPPLÝSINGA	R				*	e
	Beiðnir - umsóknir um viðbótarþjálfun	Kennitala		Sækja	• (	Sjálfgefnir gjaldaliðir Sjálfgefinn gjaldalidur		?
~	Þjálfunartímabil	Nafn				Almenn meðferð	•	
	Reikningar	Heimilicfang			*	Slysamál		
*	Reikningameðferðir	Theirinistang				Slysam. mer		
	Viðskiptahreyfingar	Póstfang	فهمدجنسمه	•				
ß	starfsendurhæfingarbeiðnir	Skráningardagur	18.08.2016					
ø	Rafrænar undirskriftir	Steel .	064			Lakahólf		
	Útistandandi	Simi				Sjúkraþjálfun Kópavogs		
8	Fylgiskjöl	Netfang				Ekkert lakanolt		
0	Tímapantanir	Kyn	Karlkyn	•		Stillingar bókana		?
쇝	Hópar	Universitied and the Co				Ef það er ekki hakað hér þá er ekki	sendur	
2	Atburðaskrá	Heimilisiæknir				postar/sms po nakao se vio i bokul	h	

Til þess að Skoðunargjald komi sjálfkrafa inn þarf að gæta þess að búið sé að setja inn sjálfvirkan gjaldalið fyrir Skoðun. Sjá nánar í kaflanum, Stjórnandi

ATH: Gagni velur rétt þrep gjaldaliðs miðaða við stillingar þjálfara (almennur/ETC30...) við gerð reiknings úr tímabókun.

# Setja inn Beiðni frá Lækni

Þegar búið er að setja inn grunnupplýsingar um sjúkling er hægt að setja inn beiðni í kerfið. Gagni sækir allar upplýsingar um beiðnir til SÍ, en ef sjúklingur kemur með beiðni á blaði til Sjúkraþjálfara þarf að setja hana inn í kerfið og Gagni sendir þær upplýsingar til SÍ.

Veljið yfirlit sjúklings. Annað hvort með því að hægri smella á bókun eða í vinstri stiku í Tímabókun.

Smellið svo á Beiðnir – umsóknir um viðbótarþjálfun í vinstri stiku (sjá mynd hér að ofan)

Þar getur þú svo valið um að Skrá Beiðni eða Skrá framhaldsumsókn

🖋 Skrá beiðni	🖋 Skrá framhalo	dsumsókn									Excel 🛃	PDF	谢 Word
Tegund umsóknar	Dags. umsóknar ↓	Teg. þjálfunar	Dags. slyss	Slysam.nr.	Staõa	Dags. afgreiðslu	Gildir frá	Gildir til	Heimild	Notuő skipti	Notuð skipti h	eimaþj.	Skipti eftir
Umsókn	23.5.2016	Almenn			Samþykkt	24.5.2016	23.5.2016	23.10.2017	80	42		-100	38

Með því að smella á Skrá beiðni opnast form til þess að skrá beiðnina inn.

Þar setur þú svo inn þær upplýsingar sem eru á beiðni frá lækni

og smellir svo á Senda til SÍ. EF þú vilt ekki senda beiðni strax getur þú valið Geyma og loka.

🖺 Geyma og loka	🚀 Senda til Sí	🗙 Hætta

## Skoða Beiðni

Hægt er að skoða beiðnir sem áður hafa verið settar inn í gagna í sama glugga líkt og þegar beiðni er sett inn. Bara hægt að sjá þær beiðnir sem sendar hafa verið inn með gagna.is, ekki þær sem sendar voru áður enn hann var tekinn í notkun. Né ef þær hafa verið setta inn á annari stöð/stofnun.

Velur: Beiðnir – umsóknir um viðbótarþjálfun í vinstri stiku.

Velur svo Skoða flipan sján til að skoða beiðnir & Umsóknir um viðbótarþjálfun.

Gagni	Timabókanir Sjúklingar	Hópar Fjárvarsla Fyrirsp	sumir Hjälp		Stofna - ARago	sar Friðbjarnarson
📰 vfelit 🐼 Grunnupplýsingar 📔 Sjúkraskrá	Sjúklingar Sjúklingar /	/ Beiðnir - umsöknir um vi	ðbótarþjálfum			
Meðferðartörn Beiðnir - umsóknir um viðbótarþjálfun	BEIDNIR OG FRAMHALDSUMSÓ	KNIR SJÜKLINGS				
🛃 Þjálfunartímabil 🖉 Reikninger	Fra 1.5.2017	間TII 31.5.2017	• Skođa			
🐨 Viðskiptahreyfingar	Tegund umsóknar D	lags. umsóknar 🛛 🗍	Teg. þjálfunar	Þjälfari	Starfum, skrádi	Excel 🔯

Munið að velja Dagsetningu aftur fyrir beiðnina sem þið viljið skoða.

# Ný framhaldsumsókn

Hvort sem þú ætlar að sækja um langtíma framhaldsumsókn eða sækja um auka 10 skipti til SÍ þá smellir þú á **Ný framhaldsumsókn.** Þá opnast form líkt og er í gagnagátt SÍ.

_ T	egundir				-
	Umsókn	Viðbótarþjálfun 🔹		Sótt er um viðbótarskipti - samtals	0
	Vottorð	Veldu tegund umsöknar			Velja þarf hve mörg viðbótarskipti sótt er um!
		Viðbótarþjálfun		Sótt er um lengri tíma til dags	16.10. 👻
		Heimameðferð			
	taðfortið að riúkrabiálfun or	Viðbótarmeðferð - bótaskylt slys			
	aorestio ao sjukrapjanun ei	Nýtt mál			
	1. Sjúkraþjálfunin er nauðsy		neiri há	ttar færnisskerðingar.	

Undir Tegundir – Umsókn er svo valið Viðbótarþjálfun – og sett inn fjöldi skipta, tíma.

Hakað við það sem við á og skrifa þarf svo skýringartexta til SÍ þar sem rökstudd er hvers vegna viðkomandi þarf viðbótarþjálfun.

# Ný Beiðni – Nýtt mál.

Til að setja inn Nýja beiðni þar sem viðkomandi kemur með nýtt vandamál enn þjálfunartímabil er ekki búið.

Þá þarf fyrst að Skrá beiðni. (sjá Setja inn Beiðni frá Lækni) -> Svo Skrá framhaldsvottorð.

### Velur svo Umsókn = Nýtt Mál. Vottorð = nýja beiðnin.

🗌 1. Sjúkraþjálfunin er nauðsy	Nýtt mál	me
Staðfestið að sjúkraþjálfun er	Viðbótarmeðferð - bótaskylt slys	
	Heimameðferð	
	Viðbótarþjálfun	
Vottorð	Veldu tegund umsóknar	
Umsókn	Nýtt mál 👻	
Tegundir		

Þá hakast við reit nr.13 neðst í umsókninni.

13. Einstaklingur kemur vegna nýrra vandamála með nýja beiðni og heimild hefur verið fullnýtt.

Skifa þarf svo skýrangartexta til SÍ í hverju "nýtt mál" er fólgið.

## Heimaþjálfun

Virkar líkt og ný beiðni nema að það þarf að bassa að velja **tegund beiðni: heimaþjálfun.** Skrá þarf í liðinn "skýringar" ástæðu þess að einstaklingur kemst ekki á stofu. Það þarf ekki að skrá upplýsingar úr beiðni í sjúkrasögu þar sem beiðni er send með sem fylgiskjal.

Senda þarf Skannað afrit af beiðni sem fylgiskjal (.pdf) með beiðni þegar hún er send til SÍ.

# Bótaskylt slys hjá SÍ

Virkar líkt og ný beiðni nema að það þarf að bassa að velja tegund beiðni: bótaskylt slys.

Velja slysanúmer, ef um er að ræða mörg slysanúmer þá þarf að velja rétt slys, annars er hætta á að 100% greiðsluþátttöku verði hafnað.

			Beiðni			
Tegund beiðni				Slysanúmer	180151 - 16.6.2010 - Hé	r skal velja slysamálsnúmer (þó það sé í vinnslu)
Tegund beiðni	Veldu tegund belðnar 👻	?		Beiðni	Engin skráð beiðni	
Beiðni gildir frá				Greining ?	ICD kóði	Heiti
	Veldu tegund beiðnar					
	Almennt			Greining ?	ICF kóði	Heiti
	Bótaskylt slys					
	Heimaþjálfun			Sjúkrasaga		
ja slysanúmer.	lðjuþjálfun	•		$\smile$		
	Talþjálfun	F				

Ef upplýsingar í beiðni skýra ekki orsakatengsl milli slyss og einkenna þarf þjálfari að skrifa skýringar í Sjúkrasögu þar sem upplýsingar um þessi tengsl koma fram.

### Senda þarf Skannað afrit af beiðni sem fylgiskjal (.pdf) með beiðni þegar hún er send til SÍ.

Viðhengi					
				<b>b</b>	Velja
?					
			🖺 Geyma og loka	🚀 Senda til Sí	🗙 Hætta

Það getur tekið Sjúkratyggingar Íslands e-h tíma að samþykkja slysabeiðnir. Þess vegna getur verið að ekki er hægt að senda inn reikning sama dag og Beiðni er sett inn í kerfið. Þegar beiðni hefur verð samþykkt af SÍ er svo hægt að setja inn reikninginn.

Uppfærsla júlí 2019 – ekki þarf lengur að haka við Slysabeiðnir í Grunnupplýsingum Sjúklings.

### ATH!!

Þegar sendur er inn reikningur til SÍ þarf slysanbeiðni að vera valin þegar sendur er reikningar.

						Beiðni	sí 132448	729				◎ -		
	Fagaðili	Tímab.frá	Tímab.til	Tímab.eftir	Teg. þjálfunar	Teg. umsóknar	Gildir frá	Gildir til	Heimild	Sk. notuð	Sk. opin	Slysamálsnr.		
	Ragnar Friöbjarnarson	-	-	- (	Slys	Beiðni	17.12.2018	5.6.2020	20	19	1	180151		
Gjaldaliður	Ragnar Friðbjarnarson	6.6.2019	5.6.2020	11	Almenn	Beiðni	29.5.2019	5.6.2020	0	4	11		Hlutur Gr.	Ný lína
SI-02200   Almenn meðferð   02200						18.7.2019	stk	1	0		0 0,0	00 00	0	Breyta Eyőa
								1	0		0	0	0	

Athuga þarf þetta vel ef Sjúklingur á líka í gildi almenna beiðni, t.d þegar hann byrjar sem Almenn meðferð og fær svo síðar samþykkt slysamál.

# Fjárvarsla



Gagni getur haldið utan um allan rekstur á sjúkraþjálfunarstofu bæði fyrir meðferðir tengdar Sjúkratryggingum Íslands og alla aðra þjónustu sem sjúkraþjálfarar veita og vörur sem þú vilt selja, t.d. meðferðir utan kerfis, teygjur o.s.frv.

## Gera Reikning



- A) Smellið á reiknivél í bókunarhluta
- B) Smellið á Gera reikning vinstra megin í flýtiaðgerðum. Ath. að réttur sjúklingur er valinn. Ef enginn er valinn þarf að velja sjúkling eftir að komið er inn í reikningagerð.



C) Fara í Fjárvörslu og velja Búa til reikning

D) Smellið á Sjúklingar – leitið að sjúklingi og smellið á reiknivél lengst til hægri.

Gagni	≡	Tímabókanir	Sjúklingar Hópar	Fjárvarsla	Fyrirspurnir	Hjálp						Stof	na 🔹	🛎 Ragnar Friðbjarnarson
Sjúklingar Beiðnir – umsóknir um	Sjúklir	ngar	s	öjúklingar										
viðbótarþjálfun <ul> <li>Tímapantanir yfirlit</li> </ul>	sjú	KLINGAR FYRIR	RTÆKIS									🕅 Excel	D P	∠* DF 🕅 Word
	Ke	nnitala	Nafn			Ŷ	Dags.skráð	$\downarrow$	Heimili	Sími	Póstnúmer	Netfang		Aögeröir
			Ragnar Fri											_
	07	07734069	Ragnar Friðbjarna	arson			7.10.2016		Kópavogsbraut 78	8640773	200 Kópavogi			☞ 🔍 🖩

#### Þá opnast svona gluggi:

Gagni	Tímabókanir Sjúklingar Hópar Fjárvarsla Fyrirspurnir	Stofna 🔹 🛔 Ragnar Friðbjarna
Yfirlit	Fjárvarsla	
Reikningar	Fjárvarsla / Reikningar / Nýr reikningur	
Viðskiptastaða		
Útistandandi	NÝR REIKNINGUR	
Viðskiptahreyfingar	Sjúklingur — Djálfari	
Greiðsluyfirlit SÍ	Sjúklingur 26 Ragnar Friðbjarnarson	⊗ - ?
<sup>sgerðir</sup> Framkvæma innborgun	Heimilisfang Vinnustaður Sjúkraþjálfun Kópavogs	- ?
iúa til reikning	Greiðandi Hópur	- ?
	Endurh. Beiðni ? Stillingar reiknings	
	Kennitala Q Nafa Caracteria Deservant Dagsetning 05. október, 2016 -	
	Póstnúmer 200 Kópavogi 👻 Heimilist. Vaturation Beiðni Sí Veldu beiðni ef við á	- ? ?
	Linur	
	CTRL+ALT+5 - Vista (CTRL+ALT+N - Ný lína (ALT+Delete - Ný lína Cialdelláve Daos Maždosi v Elaina (Siáld) (Siá	Sent Si
	ugasmeoteroar Eining hjordi Ein.Verö Heildarverö VSK % Hlutur	r Si. miutur Gr. <u>Ný lína</u>
		<u>Vista Hætta viö</u>
	0 0 0	0 0

### Nýr Reikningur

Hér sjáið þið fimm glugga. Sjúklingur, þjálfari, Stillingar reiknings, Línur og Samtölur

### Sjúklingur

Ef aðferðirnar hér að ofan hafa verið valdar ætti ekki að þurfa að setja inn neitt í sjúklingahluta. En hér er hægt að breyta t.d. sjúklingi ef vitlaus eða engin sjúklingur var valinn. Sama á við um greiðanda.

Endurh. Beiðni á við ef sjúklingur er t.d. hjá Virk eða sambærilegum sjóðum sem greiða fyrir viðkomandi ákv. fjölda skipta.

### Þjálfari

Þjálfari ætti einnig að koma sjálfkrafa inn en hægt er að breyta ef t.d. sjúklingur fer í meðferð hjá öðrum þjálfara.

#### Stillingar reiknings

Dagsetning kemur sjálfrafa inn. Það er hægt að gera reikninga aftur í tímann ef það gleymdist að skrá reikning. Ekki er hægt að stofna reikninga fram í tímann.

- Beiðni SÍ – Hér þarf að velja hvaða beiðni þú ætlar að nota frá SÍ, ath. hér gætu verið fleiri en ein beiðni í gildi.

#### Línur

Hér kemur inn sjálfgefin gjaldaliður sjúklings ef smellt er á reikning í tímabókun eða í tímabils hóps. Setja þarf inn Sjálfgefin gjaldalið í **Grunnupplýsingum** um sjúkling.

Ef ekki þá velur þú það hér:

- Smellir á gluggann lengst til vinstri undir Gjaldaliður.
- Skrifar fyrstu stafina t.d. alm = þá kemur upp listi með Almennum meðferðum og þú velur það sem við á eins og t.d. SI-02200 | Almenn meðferð | 02200
- Einnig er hægt að velja vörur sem settar hafa verið inn (sjá kafla um Stjórnendur til að setja inn vörur)

VISTA – svo smellið þið á vista. Lengst til hægri í sömu línu og þið eruð að vinna í :

Ný lína – Ef bæta á við vörum eða t.d skoðunargjaldi smellið þið á Ný lína og endurtakið.



### Senda reikning til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ)

Smellið á

- 😂 Senda reikningslínur til SÍ 🚽
- og þá fáið þið svar frá SÍ í eftirfarandi reiti og lína vistast. Heildarverð, Hlutur SÍ, Hlutur Gr. (Það sem greiðandi á að borga)

🔄 NÁNARI SUNDURLIÐUN SVARS FRÁ SÍ 🛛 Með því að smella hér getið þið séð svar frá SÍ.

#### Samtölur

Her sjáið þið svo sundurliðun reikninga, Hlut greiðanda, Hlut SÍ, Upphæð án Vsk, Vsk.upphæð og Samtals með vsk.

### Þá ertu tilbúinn að ganga frá reikningnum og hann sendist til SÍ með því að smella á Afgreiða/Staðgreiða.

Vista = Geyma reikning, ekki sendur til Sĺ.

Einfaldast er að skoða alla ófrágengna reikninga í Fjárvarsla – Yfirlit. Þar er einnig hægt að eyða ófrágengnum reikningum.

Staðgreiða = ef viðkomandi staðgreiðir tímann (innborgun sjúklings er þá skráð sjálfkrafa)

<u>Afgreiða</u> = Afgreiða til SÍ enn viðkomandi skuldar tímann.

**Forgreiðsla =** Ef villa kemur þegar smellt er á Staðgreiðsla er hægt á Forgreiða inn á reikninginn, sú inneign fer inn á reikninginn þegar gengið er frá honum síðar. Sjá ókláraðir reikningar á næstu síðu.

	Prenta Nei	🖺 Vista	🗙 Hætta	🗸 Afgreiða	🗸 Staðgreiðsla	🗄 Forgreiðsla
--	------------	---------	---------	------------	----------------	---------------

# Ókláraðir reikningar

Þegar smellt er á reiknivélatáknið leitast kerfið við að bæta við meðferð vegna bókunar á ókláraðan reikning, þ.e.a.s. finna reikning sem passar við viðkomandi sjúkling og hefur ekki verið afgreiddur nú þegar.

$\leftrightarrow$ $\rightarrow$ C $$ Secure   https://gag	niis/fjarvarsla/	☆ 😌 🗷
Gagni	Tímabókanir Sjúklingar Hópar Fjárvarsla Fyrirspurnir Hjálp	Stofna 🗸 🔺 Ragnar Friðbjarnarson 👻
📰 Yfirlit	Fjárvarsla Fjárvarsla / Yfirlit	
🞒 Reikningar		
🖁 Reikningameðferðir	SAMTÖLUR REIKNINGA 2° ÓSENDIR/ÓAFGREIDDIR REIKNINGAR	2
Viðskiptastaða	Helstu samtólur reikninga í dag og í víkunni Innheldur bákfærða og kreditreikninga (sleppa þeim?)	Kt. greið. Verð með vsk Hlutur gr. Aðgerðir
Utistandandi		

Þannig að ef þið eruð með reikning sem á eftir að klára þá bætist meðferðin (ef valin í grunnupplýsingum) á þann reikning. Annars er stofnaður nýr eins og hefur verið. (óafgreidda reikninga er að finna í **Fjárvarsla/yfirlit)** 

Til að meðferð sé bætt á opinn reikning þurfa nokkur atriði að stemma.

- Þjálfari og vinnustaður þurfa að vera þeir sömu.
- Greiðandi þarf að vera sá sami (t.d. ef nýbúið er að skrá starfsendurhæfingarbeiðni þá notum við ekki eldri reikning þar sem um er að ræða annan greiðanda)
- Ef nýbúið er að merkja inn í grunnupplýsingum að sjúklingur sé með slysamál (eða taka í burtu) þá notum við ekki eldri reikning sem er merktur sem slysmál (eða öfugt)

Tákn í tímabókun breytist í hak til að gefa tilkynna að það hafi verið notuð reiknivélin til að bæta bókuninni á reikninginn.

• Hægt er að smella á hakið til að komast í ókláraða reikninginn.

Við afgreiðslu á reikningi þá breytast öll hök sem eru tengd viðkomandi reikningi í prentara.

• Sem sagt margar bókanir geta tengst sama reikningi ef nokkrar meðferðir mismunandi dagsetninga voru afgreiddar í einu á einum og sama reikningnum.

Ef þið eyðið reikningnum í heild sinni þá verður áfram birt hak í bókuninni.

• Eina virknin frá fjárvörslu til baka í bókanir er sú að prentaramerkið kemur á allar bókanir sem eru merktar reikningnum þegar hann er afgreiddur.

Dæmi:



- A) Reiknivél = etir að ganga frá reikningi
- B) Hak = á ófrágengin reikning
- C) Prentari = Búið að ganga frá reikningi

## Forgreiðsla

Þegar smellt er á **Staðgreiðsla** og SÍ svarar með villu. T.d. Fjöldi skipta er búinn að beiðni er búinn og viðkomandi er búinn að greiða meðferðina. Þá er hægt að smella á Forgreiða og þá myndast inneign fyrir þessum reikningi hjá greiðanda. Þegar svo búið er að samþykkja reikning er hægt að ganga frá reikning og nota inneignina til að greiða reikninginn. Ef áframhaldandi meðferð er svo ekki samþykkt er hægt að eiða út reikningi og þá myndast inneign upp í það.

Prenta Nei	🖺 Vista	🗙 Hætta	🗸 Afgreiða	🗸 Staðgreiðsla	+ Forgreiðsla
------------	---------	---------	------------	----------------	---------------

# Prenta Reikninga / Skýrslur

Hægt er að stilla gagna þannig að alltaf prentist út reikningar þegar þú smellir á Afgreiða/Staðgreiða það er gert í grunn stillingum fyrirtækis. Sjá nánar í Stjórnenda hluta í handbókinni.

Þegar smellt er prenta í fyrsta skiptið getur verið að ekki ekkert gerist. Þá þarf að "leyfa popups"

# Leyfa popups

### Chrome:

Yfirleitt kemur táknið 🔽 efst hægra megin, það er hægt að smella á það og velja always allow popups from this site.

Ragnar	_	ð		$\times$
	☆	÷	0	:
The following pop-ups were blocked on this page: <u>about:blank</u>	riðt	ojarna	rson	•
<ul> <li>Always allow pop-ups from https://profun.gagni.is</li> <li>Continue blocking pop-ups</li> </ul>				
Manage pop-up blocking Done				

En það er líka hægt að fara og bæta við leyfi fyrir vefsíðuna handvirkt svona:

- 1. Efst til hægri í Chrome eru þrír punktar smelltu á þá.
- 2. Smelltu á Settings
- 3. Neðst er textinn Show advanced settings. Smella á hann
- 4. Eitt atriðið sem bætist við er Privacy, smella á Content settings í þeim lið.
- 5. Scrolla niður listann að Pop-ups og smella á Manage exceptions...
- 6. Í texta boxið slá inn https://gagni.is:443 og síðan enter á lyklaborðinu.
- 7. Í textaboxið slá inn https://www.gagni.is:443 og síðan enter á lyklaborðinu.
- 8. Smella á Done.

### Firefox:

- 1. Smella á hamborgarann til að opna valmyndina
- 2. Velja Options
- 3. Velja Content úr listanum vinstra megin
- 4. Velja Exceptons (hægra megin í glugganum)
- 5. Í texta boxið slá inn https://gagni.is:443 og síðan smella á Allow
- 6. Í textaboxið slá inn https://www.gagni.is:443 og síðan smella á Allow
- 7. Smella á Save changes.

Við mælum með að fólk noti annað hvort Chrome eða Firefox þar sem þeir vafrar virka besta á Gagna.

# Innborgun



# Útborgun

Er framkvæmd alveg eins og Innborgun.

Smellið á sjúkling í Tímabókun – veljið Innborgun – Veljið svo Útborgun í Tegund sjá mynd í kafla hér fyrir neðan.

Útborgun er notuð til þess að búa til skuld á viðkomandi – t.d. Þú gerir reikning enn smellir óvart á Staðgreiða. Svo kemur í ljós að viðkomandi var ekki með veskið sitt eða ekki innistæða á kortinu. Staðinn fyrir að bakfæra getur þú þá farið í Útborgun.

Gæta þarf vel þegar að hjá börnum (18 ára og yngri) þá eru allir reikningar stílaðir á greiðanda.

# Nota inneign greiðanda

Þegar reikningur er afgreiddur er athugað hvort greiðandi eigi inneign. Ef svo er þá kemur upp gluggi með möguleikanum á að nota inneignina upp í reikninginn. Ekki er hægt að nota inneignir þegar reikningur er

staðgreiddur. ÞVÍ ÞARF AÐ MUNA AÐ SMELLA Á AFGREIÐA.

Inneign er nýtt eins og hún dugir til upp í greiðslu reiknings.

Greiðandi á inneign! Inneignin er 10,000 kr.			ú
Ekki nota inneign	Hætta við	Nota inneign	2

# Afstemming á Innborgun/Útborgun

Þetta gerist ekki lengur þar sem nú er inneign notuð upp í reikninga.

Ef Sjúklingur greiðir fyrir t.d. fjóra tíma fyrir fram, þá þarf að Afstemma reikninga á eftirfarandi hátt (unnið er að endurbótum á þessu í kerfinu, enn þangað til það verður þarf að gera smá trikk)

Sjúklingur eða greiðandi (t.d foreldri barns) kemur og segir ég ætla að borga 4 tíma fyrir fram.

Þú velur sjúklinginn, smellir á innborgun (í vinstri stiku) og slærð inn 4 x 6.000 kr = 24.000



Þá verður greiðslustaðan 24.000 í grænum lit

Svo kemur Sjúklingur í næsta tíma og þú gerir reikning og smellir á AFGREIÐA.

Greiðslustaða: 18,000 Útistandandi: -6,000

Þá verður greiðslustaðan 18.000 í grænum lit og útistandandi -6.000 í rauðu.

Inneignin hefur minnkað enn hann á útstandandi 6.000 kr.

Til þess að leiðrétta þetta þá ferð þú í "Framkvæma innborgun" (eða innborgun flýtileið úr tímabókun)

- 1. Velur tegundina "Útborgun"
- 2. Upphæð 0
- 3. Smellir á Áfram

INNBORGANIR		
Millifærsla —		
Dagsetning	16. desember, 2016 👻 <b>?</b>	
Tegund	Útborgun	
Lýsing	Útborgun	?
Greiðandi	0707734069 Ragnar Friðbjarnarson 🛛 😸 🔻	?
Upphæð	0	
	✓ Áfram 🗙 Hætta	

### Í næstu valmynd.

- 1. Setur 6000 á reikninginn
- 2. Setur -6000 í inneignarliðinn
- 3. Smellir á Afgreiða

TECUNDDACSETNINGSJÚKLINCURÞJÁLFARIEFTIRSTÖÐVARINNEICNINNReikningur 6916.12.2016Ragnar FriðbjarnarsonRagnar Reiðbjarnarson6.0001000Innborgun16.12.201624.00024.0001000					0707734069	gnar Friðbjarnarson	Greiðandi Rag
Reikningur 6916.12.2016Ragnar FriðbjarnarsonRagnar Friðbjarnarson6.000Innborgun16.12.201624.000	NNBORGUN , ÚTBORGU	INNEIGN	EFTIRSTÖÐVAR	ÞJÁLFARI	SJÚKLINGUR	DAGSETNING	TEGUND
Innborgun 16.12.2016 24.000	600	(	6.000	Ragnar Friðbjarnarson	Ragnar Friðbjarnarson	16.12.2016	Reikningur 69
	-600	24.000				16.12.2016	Innborgun
Samtals: 6.000 24.000		24.000	6.000				Samtals:

Þegar þú svo smellir á Sjúkling í Tímabókun núna ætti Útistandandi að vera komi í **O** 

Greiðslustaða: 18,000 Útistandandi: 0

# Yfirlit Sjúklings

Veljið sjúkling í **tímabókun,** hægri smellið og veljið **Yfirlit Sjúklings** eða **Yfirlit Sjúklings** í vinstri stikunni undir flýtiaðgerðum.

#### Þá opnast svona gluggi:

← → C	i.is/sjuklingar/43412/yfirlit					☆ 😔 💹
Gagni	Tímabókanir Sjúklingar I	Hópar Fjárvarsla Fyrirspurnir Hjálp 				Stofna 🗸 🔺 Ragnar Friðbjarnarson 👻
<ul> <li>Yfirlit</li> <li>Grunnupplýsingar</li> </ul>	Sjúklingar Sjúklingar /	/ Yfirlit				
<ul> <li>Sjúkraskrá</li> <li>Meðferðartörn</li> <li>Beiðnir - umsóknir um viðbótarþjálfun</li> </ul>	† Fjöldi meðferða <b>454</b>	Greiðslustaða -2.733 kr. Útstandund: -2.733 kr. Framkvæma innborgun	<u>at</u> Upphæð Reikninga <b>398.928 kr.</b> Nýjasti reikn. 8.5.2017	Greiðslumark Okr. eftir af hámarksgreiðslu mán.	<ul> <li>Næsti tími</li> <li>10.5.2017 12:00</li> <li>Mætti siðast 8.52017</li> </ul>	⊂ Lakahólf Engin hólf skráð
Pjairunartimabii	ÞJÁLFUNARTÍMABIL	0.2	BEIÐNI / UMSÓKN	0.2	TÖLFRÆÐI 31.10.2012	2
<ul> <li>Vfirlit meðferða</li> <li>Viðskiptahreyfingar</li> <li>Starfsendurhæfingarbeiðnir</li> <li>Rafrænar undirskriftir</li> <li>Ötistandandi</li> <li>Fylgiskjöl</li> <li>Tímapantanir</li> <li>Hópar</li> <li>Auturðaskrá</li> </ul>	Gildistími Heimild Eftir af heimild Notuð skipt án beiðni <b>ÖLL ÞJÁLFUN</b> Notuð skipti	17.10.2016 - 16.10.2017 150 84 0 66	Fjöldi í gildi 0 Tegund Beiðr Gildistími 15.10 Tegund þjálfunar Alme Staða Sam;	il .2012 - 16.10.2017 nn	45 Matting 1 Skróp Skróp	0 Atb. stofa
<ul> <li>A Sendingar</li> </ul>	SJÚKRASKRÁNINGAR		2	NÝLEGIR REIKNINGAR		1
Flýtiaðgerðir	TEGUND		DAGSETNING	HEITI	FJÁRHÆÐ	DAGSETNING
🗙 Skra skoðun 🛉 Skrá meðferð	🛉 Meðferð		08.05.2017	Reikningur 8826	8.887 kr.	08.05.2017
🞓 Skrá útskrift	🛉 Meðferð		03.05.2017	Reikningur 8722	8.887 kr.	05.05.2017
	🛉 Meðferð		28.04.2017	Reikningur 8526	8.887 kr.	03.05.2017
	🛉 Meðferð		26.04.2017	Reikningur 8306	8.887 kr.	28.04.2017
	🛉 Meðferð		24.04.2017	Reikningur 8097	8.887 kr.	26.04.2017

### Greiðslumark

Hér er hægt að sjá hvað sjúklingur á að greiða að hámarki þennan mánuðinn:

### - Yfirlit

Hér sjáið þið yfirlit yfir allt tengt viðkomandi sjúklingi auk þess eru sóttar upplýsingar til SÍ varðandi skiptafjölda, gildistíma beiðna og fleira.

Þennan glugga þarf að fara í a.m.k. einu sinni til að virkja til þess að kerfið telji "Bráðameðferðir" og "Eftir af heimild" í völdum sjúklingi tímabókanna.

### Vinstri stikan er mjög gagnleg:

- Grunnupplýsingar

Hér eru allar grunnupplýsingar um Sjúkling sem settar eru inn í upphafi. Hér er hægt uppfæra þær, auk þess að setja inn sjálfgenga gjaldaliði fyrir meðferðir, lakahólf og ef greiðandi er annar í sjúklingur.

- Sjúkraskráningar
- Yfirlit yfir allar sjúkraskráningar viðkomandi, einnig hægt að setja inn Skoðun, Meðferð, Útskrift og Skýrslu.
  Meðferðartörn
- Yfirlit yfir meðferðartarnir, einnig hægt að búa til skýrslur út frá meðferðatörnum eða skoðunum.
- Beiðnir Umsóknir um viðbótarþjálfun
   Yfirlit yfir beiðnir um sjúkraþjálfun og langtímabeiðnir. Hér eru skráðar inn nýjar beiðnir og langtímabeiðnir

### Þjálfunartímabil

Yfirlit frá Sjúkratryggingum Íslands um þjálfunartímabil viðkomandi sjúklings.

🛗 Greiðslumark

<sup>0</sup> kr.

eftir af hámarksgreiðslu mán.

### Reikningar

Yfirlit yfir alla reikninga sjúklings auk þess hægt að setja inn nýjan reiking

### - Reikningameðferðir

Yfirlit yfir allar meðferðir sjúklings sem sendir hafa verið reikningar fyrir. Hér er hægt að prenta út yfirlit yfir greiddar meðferðir. T.d. til að fara með vegna endurgreiðslu frá stéttarfélögum.

Viðskiptahreyfingar

yfirlit yfir alla reikninga og innborganir sjúklings.

- Starfsendurhæfingarbeiðnir

Yfirlit yfir starfsendurhæfingarbeiðnir líkt og Virk. Hér eru settar inn nýjar beiðnir. Hver greiðir og hve mörg skipti viðkomandi fær greitt frá þeim. Greiðandi reikninga verður á T.d Virk Starfendurhæfing .

### - Rafræn undirskrift

Yfirlit yfir rafrænar undirskriftir. Sjá kafla um rafrænar undirskriftir.

- Útistandandi

Yfirlit yfir útistandandi skuldir greiðanda.

- Fylgiskjöl

Yfirlit yfir öll fylgisjöl sem tengd eru við sjúkling.

- Tímapantanir

Yfirlit yfir allar tímapantanir sjúklings, hægt að senda bókaða tíma í tölvupósti, gera pdf eða Word skjal og prenta

- Hópar
  - Yfirlit yfir þá hópa sem Sjúklingur er skráður í

### Atburðaskrá

Yfirlit yfir allt það sem gert hefur verið í kerfinu hjá viðkomandi sjúklingi.

#### Sendingar

Yfirlit yfir allar tölvupóst sendingar varðandi viðkomandi sjúkling?

Flýtiaðgerðir.

- Skrá Skoðun
  - Sjá kafla um skoðun
- Skrá Meðferð
- Sjá kafla um meðferð og dagnótur.
- Skrá útskrift

Sjá kafla um Útskrift og skýrslur.

# Yfirlit meðferða (áður Reikningameðferðir)

Til þess að gera yfirlit yfir reikninga sem tengjast meðferðum, t.d. til þess að fara með til Stéttarfélaga, gera upp marga reikninga eftir á, eða til þess að senda inn reikninga á þriðja aðila eins og t.d. frá Virk.

Veljið sjúkling í **Tímabókun** og veljið **Yfirlit sjúklings** 

í Yfirlit sjúklings í vinstri stikunni veljið þið svo Yfirlit meðferða

Gagni	<b>Ξ</b> Tím	abókar	nir Sjúklingar	Hópar Fjárva	arsla Fyrirspurnir H	jálp							Stofna 🗸	📤 Ragnai	Friðbjarnarson
📰 Yfirlit 🗹 Grunnupplýsingar	Sjúklinga	ar													
Sjúkraskrá	Sjuklingar 7			/ minit medien	oa										
meðferðartörn Meðferðartörn	MEDFE	RÐIR S	JÚKLINGS												2
🖹 Beiðnir - umsóknir um viðbótarþjálfun	m Fri	á 1.1	1.2016 💌	∰ TII	23.3.2017 👻 🛛	Þjálfari Vel	du þjálfara		•						
Þjálfunartímabil	Staña	ó		Skoās											
🗐 Reikningar	Staba		brentao	36000											
🔒 Yfirlit meðferða		0	prentaõ					🗹 Merkja sem	prentað	A Senda sem viðher	ngi í tölvupósti	🖨 Prenta	🖹 Excel 🔀	PDF	Word
🔲 Viðskiptahreyfingar	Reikn.	Pr núm Al	entað lar meðferðir		Dags. meðferðar ↓	Gjaldaliður	Heiti Gjaldaliðar	SÍ meðferð	Telur af heim	ild Byrjunarskipti	Verð	Hlutur SÍ	Hlutur Gr.	Prentaõ	Aðgerðir
😂 Starfsendurhæfingarbeiðnir															
🖋 Rafrænar undirskriftir		105	Ragnar Friðbja	arnarson	23.3.2017	02200	Almenn meðferð	Já	Já	Nei	6.036	5.432	604	Nei	₽Q
🚍 Útistandandi		104	Ragnar Friöbja	arnarson	22.3.2017	02200	Almenn meðferð	Já	Já	Nei	6.036	5.432	604	Nei	₽Q
🔇 Fylgiskjöl		101	Ragnar Friöbja	arnarson	20.3.2017		Almenn Meöferő án SÍ	Nei	Já	Nei	6.000	0	6.000	Nei	₽Q
O Tímapantanir											18.072	10.864	7.208		
🐸 Hópar															
🛢 Atburðaskrá	Allur réttur ásk	ilinn 201	5 Gagni											Jnnið í samsta	rfi við Prógramm ehf

Hér sjáið þið yfirlit yfir alla reikninga sem tengjast meðferðum viðkomandi sjúklingi.

Veljið tímabilið sem yfirlitið á að ná yfir. Frá - Til Staða: Óprentað er valin sjálfgefin, þá koma upp allar meðferðir sem ekki hafa verið prentaðar út áður. Hægt er að velja Prentað og Allar meðferðir.

Skoða

og smellið á

Pá er hægt að prenta út, senda beint með Tölvupósti eða vista sem PDF/Excel/Word

NÝTT: Hægt að merkja áður prentaðar meðferðir, enn þær merkjast prentaðar eftir smellt er á Prenta.



# Fyrirspurnir

Gagni	=	Tímabókanir Sjúklingar Hópar Fjárvarsla Fyrirspurnir	Stofna 🗸	🔺 Ragnar Friðbjarnarson 👻

Þegar smellt er á fyrirspurnir í efstu stiku kemur þú beint inn í Lakhólfahlutan. C B Secure https://gagni

$\leftarrow$ $\rightarrow$ C $\blacksquare$ Secure   https://gag	ni.is/fyrirspurnir/				☆ 😔 🗷 🗄
Gagni	Tímabókanir Sjúklingar Hópar Fjá	irvarsla Fyrirspurnir Hjälp		(	Stofna 🗸 🔺 Ragnar Friðbjarnarson 🗕
🕒 Lakahólf	Fyrirspurnir Pyrin	spurnir / Lakahólf			
觉 Tímabil beiðna					
🐣 Yfirlit þjálfara	LAKAHÓLF				
🏲 Vörusala				x Ex	cel 🛛 PDF 🔡 Word
册 Vörusala þjálfarar	Númer	Nafn	Kennitala	Virkur	Aðgerðir
册 Vörusala sjúklingar	288	خلفا مريا الملاحظ		Já	Q <b>X</b>
📔 Skoðun sjúkraskrár	146	Gest-ten Trimentinis		Já	Q <b>X</b>
🖋 Rafrænar undirskriftir	82	the cyclic test of the	20067654	Já	Q <b>X</b>
	54	Magnes Guāsis Guessettikis	34074572	Já	Q <b>X</b>

### Vinstri stikan

- Lakahólf Yfirlit yfir öll lakahólf sem eru í notkun hjá stofunni. Komnar eru flýtileiðir lengst til hægri til að fara í Grunnupplýsingar, yfirlit eða eyða lakahólfi. Til þess að laga og setja inn lakahólf þarf að fara í Grunnupplýsingar.
- Tímabil Beiðna Yfirlit yfir öll tímabil á beiðnum um Sjúkraþjálfun.
- Mæting Þjálfara skiptist í tvo flipa
  - Samantekt yfir mætingar til þjálfara allir þjálfarar á Starfstöð 0
  - Sundurliðun á stökum þjálfara yfir valið tímjabil. 0
- Yfirlit Þjálfarar skiptist í tvo flipa
  - Samantekt þjálfara á völdu tímabili. Ein færsla fyrir hvern þjálfara. 0
  - 0 Sundurliðun á stökum þjálfara fyrir valið tímabil. Ein færsla fyrir hvern sjúklings viðkomandi þjálfara.
- Yfirlit Hópa skiptist í tvo flipa
  - Samantekt þjálfara á völdu tímabili. Ein færsla fyrir hvern hóp. 0
  - Sundurliðun á stökum hóp fyrir valið tímabil. Ein færsla fyrir hvern sjúklings viðkomandi hóp. 0
- Endurkvæmnar Bókanir Hér birtast endurkvæmnar bókanir frá og með deginum í dag sem eru við bað að renna út (færri en 5 skipti eftir).
- Vörusala Skiptis í þrjá flipa
  - Vörusala Yfirlit yfir allar vörur og meðferðir sem seldar hafa verið hjá Starfstöð 0
  - Vörusla Þjálfarar Yfirlit yfir allar vörur og meðferðir sem seldar hafa verið hjá sjúkraþjálfara. (sj.bj. 0 sér bara sínar vörur). Hægt að velja margar vörur (einnig í eldri vörusölu fyrirspurnum). Ein færsla per þjálfara per vöru.
  - Vörusala sjúklingar yfirlit yfir allar seldar vörur, hverjir keyptu ákveðnar vörur. (sj.bj. sér bara sínar 0 vörur)
- Starfsendurhæfingarbeiðnir yfirlit yfir allar Starfsendurhæfingarbeiðnir sem eru í gildi á ákv. Tímabili.
- Skoðun sjúkraskrár yfirlit yfir allar sjúkraskráningar. Eingöngu umsjónamaður sjúkraskráninga getur skoðað.
- Rafrænar undirskriftir yfirlit yfir allar rafrænar undirskriftir vegna koma á stofu.

# Rafrænar Undirskriftir

Stjórnandi þarf að virkja og setja upp notanda fyrir rafrænar undirskriftir. Sjá kafla um Stjórnendur

Ferð inn á <u>https://undirskrift.gagni.is</u> í spjaldtölvu sem er í afgreiðslu og slærð inn notendanafn og lykilorð fyrir rafræna undirskrift.

Þegar Sjúklingur mætir í tíma slær hann inn Kennitölu í þar til gerðan reit og smellir á **Áfram** Skrifar svo undir á línuna og smellir á **Skrá** 



ATH ef viðkomandi gleymdi að kvitta þá er hægt að velja dagsetningu aftur í tímann með því að smella á dagatalið sem er uppi í hægra horninu. Veljið dagsetningu, sláið inn kennitölu, Áfram og kvittið svo undir og smellið á Skrá.

Innskráningarsíðan er hönnuð fyrir allt niður í 7" spjaldtölvur. Eins og t.d. **Lenovo TAB3** sem fæst á innan við 15þúsund krónur í Elko. Margir vilja hafa þær stærri og hafa Windows spjaldtölvur reynst vel. Ipad og Ipad mini hafa verið notaðir líka. Enn eru svolítið hægir við innskráningu á kennitölu.

Til þess að svarta stikan neðst fari ekki yfir Áfram/Skrá takkan þarf að bættu síðunni við sem hlekk á "Home screen". Opnaðu hana svo þaðan, þá á kemur síðan inn sem fullscreen (kemur ekki slóðin og það efst).



Chrome – smellir á Punktana þrjá í hægra horni – Þar velur þú svo "Add to Home screen" Til þess að losna við svörtu röndina neðst á skjánum – fólk á það til að reka fingur í hana er hægt að ná í app á PlayStore sem heitir: Fulscrn Free

ATU IL Post er að anna fyrstu Undirskriftina á Llom

ATH !! Best er að opna fyrstu Undirskriftina á Home Screen og svo kveikja á Full Screen með því að draga fingurinn niður frá toppi og niður á skjáinn.

Þeir sem nota I-PAD og vilja losna við að "Zooma" inn ef tvísmellt er, nota <u>https://undirskriftfast.gagni.is</u> Þeir sem vilja ekki að skuldarstaða komi upp, nota slóðina: <u>https://undirskriftbara.gagni.is</u>

Ef þú skráir þig inn sem rafræn undirskrift í tölvunni þinni og getur ekki skráð þig út! Farðu á: <u>https://undirskrift.gagni.is /innskraning/utskra</u>

# Hópar

Gagni gagnast þér vel í að halda utan um hópana þína. Um tvennskonar hópastillingar er að ræða annarsvegar hópatímar sem greiða fyrir hvert skipti og hægt er að nota niðurgreiðslur frá SÍ í slíka hópa. Hinsvegar hópar sem greiða fyrir ákveðið tímabil. Eins og t.d. einu sinni í mánuði.



Smelltu á hópar í stikunni efst uppi á skjánum og þá opnast hópahlutinn og yfirlit yfir alla hópa fyrirtækis.

Til þess að stofna nýjan hóp smellir þú á:

🖋 Nýr hópur

Fyllir inn almennar upplýsinga um hópinn

#### Tegund hóps

- a) Gjald fyrir hvert skipti (SÍ-hópur)
- b) Gjald fyrir hvert tímabil (t.d. mánaðargjald)

#### Tegund reikningagerðar

- a) Reikningur fyrir alla (mánaðargjald óháð mætingu)
- b) Reikningur á mætta (SÍ-hópur, einungis sendur reikningur ef sjúklingur mætir)

#### Sjálfgefinn gjaldaliður

Velur gjaldaliði frá SÍ eða Hópagjald sem þú hefur sett hafa verið inn í vörur (stjórnandi). Þarf að vera merkt sem meðferð í vörunni sjálfri, einnig þarf að vera til verðlisti (búið að skrá verð á vöruna).

Og svo <b>VISTA</b>	🖺 Vista	🗶 Hætta
---------------------	---------	---------

🖋 Nýr hópur						🖹 Excel	🔁 PDF	谢 Word
Heiti 1	Dags.byrjar 🗸	Lýsing	Starfsstöð	Þjálfari	Fj. nýjasta tímab.	Hámark þáttakenda	Aőgerőir	
Gönguhópur Ragga	25.8.2016	Gönguferðir um Veturbæ Kópavogs	Sjúkraþjálfun Kópavogs	Ragnar Friöbjarnarson	3	10	C C	रे 📽 🖒

